

Framhaldsskólinn á Laugum

Sjálfsmatsskýrsla 2022-2023



Andri Hnikarr Jónsson

Bjarney Guðrún Jónsdóttir



Inngangur

Sérstaða Framhaldsskólans á Laugum er að vera eini heimavistarskólinn landsins sem er með áfangakerfi og er í dreifbýli en hann hefur verðið starfræktur sem slíkur síðan 1988. Saga skólahalds á Laugum er þó mun lengri en samfellt skólastarf hefur verið á Laugum síðan 1925 en þá tók Alþýðuskóli Þingeyinga til starfa.

Einkunnarorð skólans eru *metnaður, trúmennska, tillitssemi og glaðlyndi*. Stefna Framhaldsskólans á Laugum er að bjóða nemendum upp á vandað og fjölbreytt nám við hæfi hvers og eins með einkunnarorð skólans að leiðarljósi. Lögð er áhersla á að skólinn sé framsækinn og til fyrirmyndar um kennsluhætti og námsmat, stjórnunarhætti, rekstur, þjónustur og velferð nemenda og starfsfólks. Síðasta haust var tekið stórt skref varðandi kennsluhætti í skólanum en þá tókum við upp kennslukerfi í gegn um Teams og settum eiginlegar stundatöflur nemenda alveg til hliðar. Með nýju kerfi er stundatafla nemenda flæðandi á milli vikna og er það trú okkar að tími bæði nemenda og kennara sé betur nýttur með þessu fyrirkomulagi. Skólinn býður upp á þrjár meginstúdentsbrautir, náttúruvísindabraut, félagsvísindabraut og íþróttabraut, auk kjörsviðsbrautar þar sem nemendur geta sett saman stúdentspróf sitt sjálfir. Einnig er boðið upp á almenna braut fyrir þá sem ekki hafa náð lokaviðmiðum grunnskóla.

Innra mat er einn af þeim þáttum sem tryggir að skólastarfið sé í stöðugri þróun. Framhaldsskólinn á Laugum metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. og 41. grein laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Innra mat á að ná yfir sem flesta og víðtækasta þætti skólastarfs, s.s. yfirstjórn, fagmennsku, aðbúnað, námsumgjörð, þjónustu við nemendur, foreldrasamstarf, árangur nemenda og traust samstarfsaðila. Með því er hægt að stuðla að umbótum og auknum gæðum innra starfs auk þess að vera hluti af þróun skólastarfs.

Sjálfsmatsteymi er skipað af skólameistara og í því sitja tveir kennarar. Núverandi teymi er á fimmta starfsári sínu og í því sitja Andri Hnikarr Jónsson og Bjarney Guðrún Jónsdóttir. Sjálfsmatsteymi skilar af sér skýrslu í lok hvers skólaárs sem birtist á heimasíðu skólans. Sjálfsmatið á að tengjast stefnu og markmiðasetningu skólans og leggja mat á hvernig til hefur tekist við framkvæmd hennar og eftirfylgni. Næsta haust er það verk sjálfsmatsteymis að setja saman nýja langtímaáætlun sjálfsmats sem gildir næstu fjögur árin.

Grunnupplýsingar um Framhaldsskólann á Laugum

	Haust 2022	Vor 2023
Dagskólanemar	95	88
Nemendur utan skóla	13	26
Nemar í Námsveri á Vopnafirði	3	4
Kennarar	12	12
Brottfall	2,6%	2,9%
Brautskráðir	0	26
Einingarfjöldi	3318	3512
Einingum lokið	2933 (88,4%)	3113(88,6%)

Þennan veturinn voru 111 nemendur sem hófu nám við skólann í haust. Þar af voru 95 í dagskóla, 13 í námi utan skóla og 3 nemendur í námsverinu á Vopnafirði. Þetta er svipaður fjöldi en hóf nám skólaárið á undan enda hefur skólinn verið fullsetinn síðustu ár.

Brottfall var með allra minnsta móti þennan veturinn og aldrei verið minna í heildina. Það var því vel undir þeim 5% viðmiðum sem skólinn setur sér. Þetta endurspeglast í háu hlutfalli lokinna eininga en nemendur kláruðu tæplega 90% allra eininga sem lagt var af stað í þennan veturinn.

Markmið Framhaldsskólans á Laugum

Meginmarkmið Framhaldsskólans á Laugum tengjast námskrá framhaldsskólans ásamt því að leggja áherslu á sérkenni skólans. Einkunnarorð skólans metnaður, trúmennska, tillitssemi og glaðlyndi fléttast svo inn í allt starf skólans þannig að allir fái notið sín í leik og starfi.

Áherslan er á að í skólanum sé:

- ✓ Góður staðblær og skólabragur
- ✓ Verkefnavinna og símat með áherslu á námshæfni hvers og eins
- ✓ Öruggt og gott vinnuumhverfi fyrir nemendur og starfsfólk
- ✓ Notkun upplýsingatækni og miðlun upplýsinga lykilþáttur í starfseminni

Metnaður

Nemendur og starfsfólk hafi metnað fyrir því sem við gerum, fyrir okkur sjálfum og skólanum okkar og stuðlum að bættum árangri með því að:

- ✓ Setja markmið og fylgja þeim
- ✓ Vita hvað við viljum og hvert við stefnum
- ✓ Vera óhrædd við að gera mistök á leiðinni

Trúmennska

Nemendur og starfsfólk er trú sjálfum sér og skólanum og stuðla þannig að betri líðan með því að:

- ✓ Styðja hvert annað
- ✓ Gæta sameiginlegra hagsmuna

Tillitssemi

Nemendur og starfsfólk sýni hvert öðru umburðarlyndi og tillitssemi með því að:

- ✓ Bera ábyrgð á líðan sinni og hegðun

Glaðlyndi

Nemendur og starfsfólk gefi af sér og bæti skólabraginn með því að:

- ✓ Vera til staðar og hafa ánægju af verkefnum sínum

Sjálfsmatsáætlun Framhaldsskólans á Laugum skólaárið 2022-2023

Til að umbótastarf skóla þjóni tilgangi sínum er nauðsynlegt að sjálfsmatsteymi skoði bæði styrkleika og veikleika skólastarfsins á víðum grundvelli allt frá stjórnunarháttum til samskipta innan skólans. Hér að neðan má sjá þá þætti og matsaðferðir sem voru notaðar á skólaárinu 2022-2023 og er í samræmi við sjálfsmatsáætlun skólans sem gildir til vorsins 2023 sem má finna á heimasíðu skólans.

Mat og matsaðferðir veturinn 2022-2023

- ✓ Kennslukönnun á meðal nemanda sem fjallar um kennslu, undirbúning og framsetningu kennara á efninu, námsmatsaðferðir, viðmót og fleira. Könnunin er meginleg netkönnun
- ✓ Mat kennara á eigin áföngum í lok hverjar annar. Samanburðarspurningar úr áfangamati settar inn af sjálfsmatsnefnd eftir að niðurstöður eru klárar ef ástæða þykir

- ✓ Greining á tölulegum gögnum úr Innu varðandi innritun, úrskrift, brottfall, meðaleinkunn, skólasókn og fleira
- ✓ Stjórnun og skipulag- upplýsingar fengnar í gegnum Stofnun ársins
- ✓ Starfsmannaviðtöl tekin af skólameistara og formanni skólanefndar
- ✓ Viðhorfskannanir meðal nemenda og starfsfólks um líðan, skólabrag, einelti og fleira
- ✓ Viðhorfskönnun foreldra til skólans
- ✓ Skýrsla frá verkefnastjórn er snýr að breyttu kennslufyrirkomulagi sem var lagt upp með haustið 2023
- ✓ Nemendakönnun er varðar þjónustu og líðan á heimavist, þjónustur þvottahúss, eldhúss og stuðningskerfi skólans (námsráðgjafi, sálfræðingur og hjúkrunarfræðingur)

Matsaðferðir og gagnaöflun veturinn 2022-2023

Tímaáætlun

	H-2022	V-2023	Hver	Hvernig
Kennslukannanir	Fél.br/kjörsvið	Raungr/íþr.br	Nemendur	Netkönnun
Heimavistarkönnun (stoðþjónusta)		maí	Nemendur	Netkönnun
Starfsmannaviðtöl		nóv/des	Skólast/skólanevnd	
Viðhorfskönnun	nóv		Nemendur	Skólapúlsinn
Mat kennara á eigin áföngum	des	maí	Kennarar	Netkönnun
Greining á tölulegum gögnum	des/jan	júní	Áfangastjóri	Inna
Foreldrakönnun		lok jan	Foreldrar	Netkönnun
Stofnun ársins		x	Starfsmenn	Netkönnun
Kafli frá verkefnastjórn/kennsluþróun		maí	Verkefnastjórn	samantekt
Stjórnun og skipulag		mars	Starfsmenn	Stofnun ársins
Endurskoðun áætlunar	nóv		Sjálfsmatsnefnd	Úrbótaráætlun
Ný matsáætlun		maí	Sjálfsmatsnefnd	
Sjálfsmatsskýrsla			Sjálfsmatsnefnd	

Kennslukannanir

Kennslukannanir eru gerðar á báðum önnum vetrarins og skiptum við þeim upp eftir brautum. Á haustönn var gerð könnun í níu áföngum á félagsfræði- og kjörsviðsbraut. Á vorönn var könnun gerð á 10 áföngum á náttúrufræði- og íþróttabraut en það skal tekið fram að niðurstöður á vorönn eru unnar úr sjö áföngum þar sem ekki náðist lágmarks svarhlutfall í tveimur áföngum. Í ár breyttum við aðeins spurningarlistanum í samræmi við nýja kennsluhætti.

Í könnuninni eru alls 25 spurningar sem fjalla um kennslu, kennslufyrirkomulag, skipulag, vinnufrið, námsmat og aðgang að aðstoð kennara. Allar spurningar hafa svarmöguleikana: mjög sammála, frekar sammála, frekar ósammála og mjög ósammála. Ein opin spurning er í könnuninni þar sem nemendur geta komið einhverju sérstöku á framfæri.

Matskvarðinn sem sjálfmatsnefnd setti upp í kennslukönnunum er eftirfarandi:

- ❖ Mjög sammála =1
- ❖ Frekar sammála = 2
- ❖ Frekar ósammála =3
- ❖ Mjög ósammála =4

Matsviðmiðið sem skólinn setur sér er að 85% svarenda sé með einkunnina 1 eða 2 en úrbætur virkjaðar ef einkunnin fer niður fyrir 85%.

Kennslukannanirnar voru settar upp og lagðar fyrir í Microsoft forms. Kennarar fengu link inn á könnunina og settu inn á sína hópa í gegn um Teams.

Niðurstöður kennslukannana

Annað árið í röð eru óvenju margar spurningar sem ekki náðu jákvæðum matsviðmiðum skólans (85%) og er það ákveðið áhyggjuefni. Á báðum önnum voru of margar spurningar sem voru undir jákvæðum viðmiðum þó vorönnin hafi komið mun betur út heldur en haustönnin hvað það varðar. Þetta þarf að skoða það vel fyrir næsta skólaár og halda áfram að þróa og bæta þessa þætti starfsins. Vissulega tók skólinn upp bæði nýtt kennsluform og nýtt kennsluforrit sem skapar oft neikvæða upplifun notandans meðan verið er að læra almennilega á það sem nýtt er. Það sést greinilega á muninum milli haust og vorannar þar sem nemendur og starfsfólk virðist hafa náð betri tókum á þessum þáttum og betri sátt við formið og kennslukerfið.

Eftirfarandi spurningar náðu ekki jákvæðum matsviðmiðum skólans.

Haustönn

Spurningar	Jákvæð viðmið	Neikvæð viðmið
Skylduúttektir í áfanganum eru vel skipulagðar og nýttast mér vel	77,39%	22,61%
Valúttektir í áfanganum eru: (of margar/passlegar - of fáar/veit ekki)	81,25%	18,75%
Ég nýti mér valúttektir í áfanganum (alltaf/oftast - stundum/aldrei)	51,30%	48,70%
Ég þarf af vinna utan hefðbundins vinnutíma (seinnipartinn/kvöldin) til að klára verkefni áfangans	37,39%	62,61%
Ég hef góðan aðgang að kennara áfangans í vinnustofum	79,13%	20,87%
Ég leita til annarra kennara í vinnustofum til að aðstoða mig við verkefnavinnu í áfanganum	57,39%	42,61%
Kennsluáætlun og námsmat í áfanganum voru skýr í upphafi annar	67,07%	32,93%
Ég get nálgast allar nauðsynlegar kennsluupplýsingar um áfangann á Teams	69,70%	30,30%
Öll verkefni áfangans eru aðgengileg á Teams	71,93%	28,07%
Hópverkefni í áfanganum eru (of fá/passleg - of mörg/veit ekki)	65,22%	34,78%
Próf í áfanganum eru (of fá/passleg - of mörg/veit ekki)	73,91%	26,09%
Mér finnst þessi áfangi skemmtilegur	68,42%	31,58%
Ég fæ tækifæri til að vinna með öðrum nemendum í þessum áfanga	72,17%	27,83%
Ég skila verkefnum á réttum tíma	82,46%	17,54%
Mér gengur vel í áfanganum	72,17%	27,83%
Ég nýti þau úrræði sem skólinn býður uppá ef ég þarf frekari aðstoð. (aðrir kennarar, námsráðgjöf, sálfræðingur). Í sviganum hefur "á ekki við" verið undanskilið.	67,83% (83,87)	32,17% (16,13)
Ég hef metnað til að gera eins vel og ég get í áfanganum	84,35% *	15,65%

Kennarinn er hæfilega fljótur að fara yfir verkefni miðað við stærð verkefna	83,48%	16,52%
--	--------	--------

*ómarktækur munur

Vorönn

Spurningar	Jákvæð viðmið	Neikvæð viðmið
Ég nýti mér valúttektir í áfanganum (<i>alltaf/oftast - stundum/aldrei</i>)	50%	50%
Ég þarf af vinna utan hefðbundins vinnutíma (seinnipartinn/kvöldin) til að klára verkefni áfangans	41,67%	58,33%
Ég leita til annarra kennara í vinnustofum til að aðstoða mig við verkefnavinnu í áfanganum	66,67%	33,33%
Kennsluáætlun og námsmat í áfanganum voru skýr í upphafi annar	84,81% *	15,19%
Hópverkefni í áfanganum eru (<i>of fá/passleg - of mörg/veit ekki</i>)	82,41%	17,59%
Próf í áfanganum eru (<i>of fá/passleg- of mörg/veit ekki</i>)	74,07%	25,93%
Ég fæ tækifæri til að vinna með öðrum nemendum í þessum áfanga	82,41%	17,59%
Ég nýti þau úrræði sem skólinn býður uppá ef ég þarf frekari aðstoð. (aðrir kennarar, námsráðgjöf, sálfræðingur), Í sviganum hefur "á ekki við" verið undanskilið	78,70% (93,41)	21,30% (6,59)
Kennarinn er hæfilega fljótur að fara yfir verkefni miðað við stærð verkefna	84,26% *	15,74%

Eins og hefur áður komið fram þá var tekið upp nýtt kennslukerfi í haust og færðum við öll verkefni og vinnu nemenda yfir í Teams, þetta var því nýtt umhverfi fyrir alla og margir að fóta sig í nýju kerfi. Má ætla að þessi mikli munur á milli anna hafi eitthvað með það að gera. Það sem kemur á óvart er hversu lágt hlutfall leitar til annarra kennara í vinnustofum og er það eitthvað sem við þurfum að laga. Til að kerfið virki sem best þá er nauðsynlegt að nemendur leiti til allra kennara eins og mögulegt er. Einnig eru tölurnar langt undir viðmiðum er varðar vinnu utan skólatíma en markmið

skólans er að nemendur geti unnið sín verkefni á skólatíma. Á haustönn eru það rúmlega 37% og vorönn eru það rúmlega 41% nemenda sem þurfa að vinna utan hefðbundins vinnutíma. Gott er að fara yfir hver ástæðan að baki þessu liggur, er það skipulagsleysi, of mikið að verkefnum eða eru nemendur að nýta vinnutímamann á daginn illa. Það er jákvætt að á vorönn fækkar spurningum sem ná ekki viðmiðum en það er nauðsynlegt að skoða þá þætti hér að ofan sem koma illa út og þá sérstaklega þætti sem skora lágt á báðum önnum. Klárlega geta kennarar og nemendur gert betur í sumum tilvikum og passa þarf að þessar tölur haldi ekki áfram að lækka inn á næsta skólaár.

Spurningakönnunina sjálfa má sjá í viðauka 1

Verkefnastjórn

Fyrir skólaárið 2022-2023 var ákveðið að ráðast í miklar breytingar á kennslufyrirkomulagi skólans ásamt því að hætta alveg notkun Moodle kennslukerfisins og skipta alfarið yfir í Teams sem hefur verið að þróa sitt kerfi meira í átt að skólanotkun síðustu árin.

Breytingar á kennslufyrirkomulaginu fólu í sér að henda út stundatöflu nemenda og bjóða í staðinn kennurum að panta sér úttektir með sínum hópum þegar þeir töldu þörf á að vera með innlagningu eða aðstoð við verkefni. Þannig gátu kennarar ráðið því hvort allur hópurinn væri boðaður í úttekt eða hluti hans. Þetta gerðu kennarar í gegnum Outlook og dagatalið á Teams. Ef úttektin átti að vera skylda fyrir nemendur þá varð að vera búið að panta hana fyrir fyrsta tíma á mánudegi en hægt var þó að panta svokallaðar valúttektir með stuttum fyrirvara og var þá ekki skyldumæting fyrir nemendur heldur gátu þeir ákveðið hvort þörf væri á úttekt fyrir þau eða ekki. Þá var einnig tekið upp á því að byrja alla daga á “standandi fundi” sem er fyrirbæri sem ýtir undir meira skipulag á vinnu nemenda. Þar þurfa nemendur að byrja daginn á því að standa upp, eitt og eitt í einu, og segja hvaða vinnu þau stefndu á að vinna yfir daginn og skrifaði kennarinn þær upplýsingar á töflu.

Þetta gekk nokkuð vel fram að áramótum þó svo ýmis byrjendavandamál skytu upp kollinum annað slagið. Kennarar voru flestir mjög duglegir að tileinka sér þessar nýju leiðir en kölluðu þó eftir meiri festu í úttektum. Um áramót var gerð lítil breyting þar sem hverjum kennara var úthlutað nokkrum tímum í viku þar sem þeir gátu pantað fyrir fram, áður en önnin hófst, fastar úttektir. Þeir sem töldu sig þurfa þess nýttu sér það en það voru alls ekki allir. Þessi breyting virtist henta kennurum betur.

Langflestir kennarar færðu allt sitt kennsluefni strax yfir í Teams og hættu að nota Moodle. Þó voru einhverjir sem nýttu sér aðlögunartímamann í vetur og tengdu þessi tvö kerfi saman þar sem verkefni

voru uppsett á Moodle en slóð á þau sett upp í Teams. Vonast er til að næsta skólaár verði notkun á Moodle alfarið lokið.

Árangurinn af þessum breytingum var mjög góður. Ekki er að sjá að vinna nemenda og/eða stundvísí hafi versnað við breytingarnar. Nemendur eru almennt ánægð með kerfið, sem er einstakt á landsvísu, og kennarar hafa aðlagast vel. Breytingin um áramót hjálpaði til við það.

Næstu skref í þróun kennsluhátta á Laugum er að aðlaga húsnæði að kerfinu. Farið verður í breytingar í Dvergasteini næsta vetur þar sem hefðbundnum kennslustofum verður fækkað og vinnurými fyrir einstaklinga og hópa verður aukið. Það er trú okkar að við séum á réttri vegferð með þessari þróun og að vinnutími nemenda og aukin áhersla á kennslu í skipulagi vinnutímans muni vera betri undirbúningur fyrir nemendur inn í framtíðina og frekara nám á hærra stigi.


Viðhorfskannanir

Skólapúlsinn

Könnunin var lögð fyrir í apríl 2023 og þar sem skólinn náði ekki lágmarkshlutfalli (60% svörun) þá fengum við ekki niðurstöður sendar. Það er tillaga sjálfsmatsteymis að setja nokkurs konar ábyrgðarmann yfir Skólapúlsinum sem sér til þess að nemendur svari könnuninni til að við getum fengið og unnið úr þeim mikilvægu upplýsingum sem eru þar að finna.

Stjórnun


Við mat á stjórnun skólans nýtum við niðurstöður úr könnuninni “Stofnun ársins”. Að þessu sinni er sjáanleg lækkun í matsþættinum “Stjórnun” milli ára og samliggjandi þáttum sem mögulega gætu haft áhrif á hvort annað, s.s. spurningar um launakjör, starfsanda og vinnuskilyrði. Mesta lækkunin er í þáttunum “Stjórnun” og “Starfsandi”. Mögulega hefur eitthvað að segja þær miklu breytingar sem ráðist var í við upphaf skólaársins og var mörgum erfið til að byrja með. Það er þó mat verkefnastjórnar sem stýrði breytingunum að mun minni óánægja var með breytingarnar eftir því sem leið á og gerðar voru lagfæringar um áramót eftir rýnifund í desember.



Launamál eru ávallt liður sem skorar lágt hjá öllum en nú í vor var gerður nýr stofnanasamningur sem mögulega hefur jákvæð áhrif á upplifun starfsfólks varðandi laun.

Þó svo lítilsháttar lækkun hafi verið á matsþætti um vinnuskilyrði þá er starfsfólk skólans almennt ánægðari með aðstöðuna en starfsfólk í sambærilegum stofnunum á landinu. Er það mögulega afrakstur vinnu sem farið var í fyrir nokkur þar sem þessir þættir voru bættir.

Það er þó nokkuð ljóst að skólastjórnendur þurfa að vinna í því að laga samskipti og tengsl milli sín og sinna undirmanna. Markmið skólans ætti að vera að hækka þennan þátt og ná upp betri starfsanda við stofnunina.



Starfsmannaviðtöl

Starfsmannasamtöl fóru fram í lok nóvember og byrjun desember 2022. Sigurbjörn skólameistari tók um helming viðtalanna en Dagbjört Jónsdóttir formaður skólaneftndar tók hinn helminginn og var þeim skipt þannig að þeir sem skólameistari vann mest með eða voru tengdir honum fóru í viðtal hjá Dagbjörtu og svo tók hún viðtöl við nokkra til viðbótar til þess að viðtölin skiptust u.þ.b. jafnt á milli þeirra beggja. Tekin voru 30 viðtöl sem stóðu að jafnaði í 30 mín. Um var að ræða allt starfsfólk skólans óháð starfshlutfalli eða starfsaldri. Starfsfólk í leyfi var ekki kallað í viðtal. Kennslumat tveggja undanfarinna anna var skoðað og kynnt kennurum eftir því sem við átti. Starfsmannaviðtöl sem tekin voru september 2021 voru höfð til hliðsjónar sem og eldri viðtöl eftir því sem við átti. Mjög margar gagnlegar ábendingar komu fram í viðtölum.


Breytingar á skipulagi skóla og kennslu sem og breytingar í rafrænum kennslukerfum og -háttum voru fyrirferðarmiklar í starfsmannaviðtölunum enda fór skólinn í gegnum miklar breytingar á haustönninni. Almennt var fólk ánægt með nýja kerfið en þó voru enn á því talsverðir hnökrar og fór óþarflega mikið af vinnutíma kennara í að leysa þá. Einstaka starfsmaður var óánægður með nýja

fyrirkomulagið og vildi hverfa til fyrra skipulags. Að öðru leiti var talað um góðans starfsanda og að fólki semdi vel við vinnufélagana, gefandi og ánægjulegt starf með nemendum og að starfsfólk bæri traust til skólans og stjórnenda.


Greining á tölulegum gögnum

Þrátt fyrir þær umfangsmiklu breytingar sem ráðist var í á kennsluformi skólans fyrir þetta skólaár þá er ánægjulegt að sjá að meðaleinkunn nemenda hefur aldrei verið hærri en þennan veturinn.

Meðaleinkunn var 7,3 á báðum önnum og hefur aldrei verið hærri og einungis einu sinni náð svo hátt. Það var á haustönninni á síðasta skólaári. Núna hefur skólinn náð því í fjórar annir í röð að ná lánmarksviðmiðum upp á meðaleinkunnina 7,0 sem verður að teljast ánægjulegt.



Áfram er raunmæting nemenda mjög góð, rétt undir 90% mætingu og sjaldan verið betri yfir heilan vetur. Með vinnustofukerfinu hefur náðst að skapast ákveðin menning fyrir því að mæting í skólann sé sjálfsagður þáttur og félagslegur þar sem nemendur mæta allir á sinn stað í byrjun dags, skipuleggja sig og finna sér svo stað til að læra með vinum sínum. Þetta ýtir undir að kennarar ná sambandi við alla nemendur daglega og geta þannig aðstoðað betur og leiðbeint þeim. Þannig virkar þetta góða samspil milli mætingar og einkunna í skólanum.



Foreldrakönnun

Í mars var lögð fyrir foreldrakönnun á netinu í fjórða skiptið. Könnunin var send á alla foreldra barna yngri en 18 ára. Matsviðmiðið sem skólinn setur sér er að 85% svarenda séu að svara með einkunnina 1 eða 2 í könnuninni.

Eins og fyrri ár kemur skólinn mjög vel út úr þessari könnun en einungis tvær spurningar náðu ekki viðmiðum. Þar var spurt um ánægju með nýtt kennslufyrirkomulag sem tekið var upp í haust og þjónustu þvottahúss. Þar var ánægjan þó um 80% í báðum tilvikum. Skólinn og starfsfólk fær mikið hrós frá foreldrum sem hvetur okkur til að halda áfram því góða starfi sem við vinnum hérna á Laugum.

Hægt er að sjá heildarniðurstöðu könnunarinnar og ábendingar frá foreldrum í viðauka 2

Heimavistarkönnun/stoðþjónusta

Heimavistarkönnun var lögð fyrir nemendur undir lok vorannar. Þar var bætt við kafla um stoðþjónustu skólans sem ekki hefur áður verið inn í könnuninni.

Að megninu til eru nemendur ánægð á heimavistinni og með þá þjónustu sem þar er í boði. Upplifun nemenda varðandi tillitssemi annarra íbúa í þeirra garð gæti þó verið betri auk þess sem ánægja með umgengni er einungis um 70%.

Mötuneytið og þvottahúsið koma ágætlega út en þó eru 26% nemenda óánægð með matinn og einungis 54% nemenda segjast mæta alltaf í morgunmat. Það er vissulega áskorun fyrir skólann að bæta þátttöku nemenda í þessa mikilvægu máltíð. Þá er eins almenn ánægja með þjónustuna í þvottahúsinu þó svo að einungis 56% nemenda segjast setja öll sín föt í þvott þar. Velta má fyrir sér af hverju sú tala er ekki hærri.

Könnun um stoðþjónustu var gerð í fyrsta skipti, þ.e. kannaður var hugur nemenda gagnvart þjónustu námsráðgjafa, hjúkrunarfræðings og sálfræðings. Það eru um 20% sem segjast sækja þjónustu sálfræðings. Þá eru um 65% nemenda skólans sem segjast nýta sér þjónustu námsráðgjafa og mætti skoða það betur af hverju ekki fleiri nýta sér þá þjónustu og hver eðlileg nýting slíkrar þjónustu ætti að vera. Almenn ánægja er meðal þeirra sem sækja sér þjónustu hjúkrunarfræðings og námsráðgjafa en 66% nemenda sem sækja sér þjónustu sálfræðings segjast ánægð með þá þjónustu.

Hér má sjá niðurstöður heimavistarkönnunar/stoðþjónusta:

https://forms.office.com/Pages/AnalysisPage.aspx?AnalyzerToken=ldE0pZcZF0JbFTK129igFa8uxbsZHDQs&id=BU0VhQ_0-0-5P1G61igg8ezarW_laUFAjWrJXF_pljdUMDdEQ1NWQIFYQOE1VFIVODZGMk9QSE5NQiQIQCN0PWcu

Úrbætur

Útbótaáætlun úr skýrslu síðasta árs:

Markmið	Viðmið	Mæling	Aðgerðir	Ábyrgð	Staða 15. Maí '23
Horfa þarf í niðurstöður varðandi "kvíða" í Skólapúlsinum '22 og setja fram áætlun til útbóta í þeim efnum.	Að matspáttur í "Skólapúlsinn" lækki milli ára.	Skólapúlsinn 2022-2023	Endurskoða og – skipuleggja stoðþjónustu við nemendur	Skólastjórnendur og námsráðgjafi	Þátttaka í skólapúlsi náði ekki lágmarki til að fá niðurstöður.
Bæta samskipti nemenda á milli.	Matsþættir og athugasemdir í "Skólapúlsinn" batni milli ára.	Skólapúlsinn 2022-2023	Fá utanað-komandi fyrirlestra um málefnið.	Námsráðgjafi	Þátttaka í skólapúlsi náði ekki lágmarki til að fá niðurstöður.
Bæta þjónustu enn frekar við nemendur. Vera skapandi í verkefnagerð og viðgerð kennsluefnis. Veita nemendum persónulegri aðstoð í vinnustofum.	Að kennslukannanir komi betur út en á síðasta ári.	Kennslu-kannanir	Hvatning til kennara til að gera betur. Breyta kennsluumhverfinu úr Moodle í Teams.	Kennarar og verkefnastjórn	Á haustönn voru mun fleiri þættir í kennslukönnun sem ekki náðu viðmiðum en árið á undan en svipað á vorönn, hafa ber í huga að í haust var nýtt kennslukerfi í Teams tekið í notkun og allir að stíga sín fyrstu skref þar sem hugsanlega hefur áhrif á kennslukannanir.
Bæta þjónustu við nemendur á heimavist, þvottahúsi og mötuneyti.	Betri niðurstöður í Skólapúls	Heimavistarkönnun og/eða skólaþing	Bæta skipulag í þvottahúsi og skerpa á þjónustu.	Skólastjórnendur og starfsfólk viðkomandi starfstöðva	Nemendum er boðið upp á aukabvott á íþróttafötum svo dæmi sé nefnt í samstarfi við starfsmann þvottahúss. Þátttaka í skólapúlsi náði ekki lágmarki til að fá niðurstöður.

Úrbótaáætlun fyrir 2023 – 2024

Markmið	Viðmið	Mæling	Aðgerðir	Ábyrgð	Staða 15. Maí '24
Að geta notað niðurstöður úr skólapúlsinum í skýrslu sjálfsmatsnefndar. Þarf að ganga á eftir þátttöku í könnuninni sem gefur miklar upplýsingar.	Að fá niðurstöður um líðan nemenda og bera það saman við nýjustu niðurstöður sem við höfum.	Skólapúlsinn 2023-2024	Finna ábyrgðarmenn fyrir könnuninni og vera nemendur til aðstoðar og minna á	Skólastjórnendur og sjálfsmatsteymi hugsanlega námsráðgjafi	
Samþætting á milli greina og fá nemendur til að leita aðstoðar hjá öllum þeim kennurum sem eru til staðar í vinnustofum eins og unnt er	Matsþættir er snúa að þessum þáttum í kennslukönnunum hækki á milli ára.	Áfangamat-kennslukannanir	Halda fund með kennurum á starfsdögum í haust og gera sameiginleg markmið til að ná þessu í gegn.	Sjálfsmatsteymi og skólastjórnendur	
Samskipti og tengsl milli skólastjórnenda og undirmanna.	Að niðurstöður í Stofnun ársins varðandi þessi þætti hækki frá fyrra ári. Sem skili sér í betri starfsanda við stofnunina.	Stofnun ársins	Hvatning fyrir stjórnendur og aðra starfsmenn að gera betur.	Skólastjórnendur	
Félags- og heimavistarlíf nemenda	Að efla nemendur og nemendaráð í starfi og hvetja þá til sjálfstæðis og vera meiri þátttakendur	Heimavistar könnun og/eða skólaþing	Áframhaldandi vinna með nemendur og nemendaráð	Sjálfsmatsteymi og félagsfulltrúi	
Starfsmannastefna	Að starfsmannastefna sé aðgengileg á heimasíðu skólans	Gátlisti fyrir mat á skólanám-skrá	Þarf að útbúa starfsmannastefnu fyrir skólann og birta á heimasíðu	Stjórnendur	

Viðauki 1 - Kennslukannanir Framhaldsskólans á Laugum (Spurningar)

1. Skylduúttæktir í áfanganum eru vel skipulagðar og nýtast mér vel
2. Skylduúttæktir í áfanganum eru: (of fáar, passlega margar, of margar, veit ekki)
3. Valúttæktir í áfanganum eru: (of fáar, passlega margar, of margar, veit ekki)
4. Ég nýti mér valúttæktir í áfanganum (alltaf, oftast, stundum, aldrei)
5. Ég þarf að vinna utan hefðbundins vinnutíma (seinni partinn/kvöldin) til að klára verkefni áfangans
6. Ég hef góðan aðgang að kennara áfangans í vinnustofum
7. Ég leita til annarra kennara í vinnustofum til að aðstoða mig í verkefnavinnu í áfangunum.
8. Kennsluáætlun og námsmat í áfanganum voru skýr í upphafi annar.
9. Ég get nálgast allar nauðsynlegar kennsluupplýsingar um áfangann á Teams
10. Öll verkefni áfangans eru aðgengileg á Teams
11. Hópverkefni í áfanganum eru: (of fá, passlega mörg, of mörg, veit ekki)
12. Próf í áfanganum eru: (of fá, passlega mörg, of mörg, veit ekki)
13. Vinna í þessum áfanga er hæfilega mikil (miðað við ~~8-klst~~ vinnu fyrir hverja einingu).

Þessi spurning var með röngum upplýsingum og var því tekin út

14. Mér finnst þessi áfangi skemmtilegur.
15. Ég fæ tækifæri til þess að vinna með öðrum nemendum í þessum áfanga.
16. Ég skila verkefnum á réttum tíma.
17. Mér gengur vel í áfanganum.
18. Ég er virk/virkur til jafns við aðra í hópavinnu.
19. Ég nýti þau úrræði sem skólinn býður upp á ef ég þarf frekari aðstoð (aðrir kennarar, námsráðgjöf, sálfræðingur).
20. Ég hef metnað til að gera eins vel og ég get í áfangunum.
21. Kennarinn er jákvæður og hvetur nemendur til að gera sitt besta á áfangunum.
22. Kennarinn er hæfilega fljótur að fara yfir verkefni miðað við stærð verkefna
23. Kennarinn er stundvís.
24. Kennarinn hlustar á spurningar nemenda og bregst við þeim.
25. Eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri.

Viðauki 2 - Foreldrakönnun – ábendingar svarenda

Hvað finnst þér vera gott við skólann?	Hvað finnst þér að mætti bæta í starfi skólans?
<ul style="list-style-type: none"> • Heimilisbragur yfir umhverfinu og mín stúlka er alsæl • Nálægð nemenda og starfsfólks • Samfélagið sem skólinn myndar, nándin og utan umhaldið • Má segja allt? • Starfsfólkið • Gott umhverfi og góð aðstaða til náms. Eykur sjálfstæði nemenda með vinnufyrirkomulagi • Persónulegur • Persónulegt, gott aðgengi að starfsfólki, vingjarnlegt viðmót, skýrar reglur, komið vel til móts við nemendur • Hvernig það er horft hvað er best fyrir krakkann í námi • Barninu mínu líður vel. Haft hefur verið samband við mig fljótlega þegar ég hef beðið um það • Flott aðstaða fyrir krakkana til ýmis konar tómsundariðju. Starfsfólk mjög vingjarnlegt og hjálpsamt • Frábært starfsumhverfi og frábær tenging við allt og alla, ein stór fjölskylda • Gott starfsfólk og persónulegt viðmót • Þessi mikla nánd og greinileg væntumþykja allra sem vinna við skólann • Persónuleg og góð þjónusta. Vel haldið utan um nemendur • Móralinn virðist góður og metnaður varðandi skólasamfélagið mikið. Starfsfólkið ber hag nemenda fyrir brjósti • Fyrirmyndarskóli þar sem einstaklingarnir fá að njóta sín í námi sem hæfir þeirra áhuga og getu • Félagslífið • Öll þjónusta og stuðningur við krakkana er góður • Samskiptin og aðferðafræðin við námið • Sveigjanlegt starf, tækifæri til þroskandi verkefna utan námsins. Samstarfsnám við aðra framhaldsskóla á Norðurlandi er áhugaverður kostur • Andrúmloftið, hlýleikinn og samfélagið. Hversu framúrstefnulegur hann er þegar kemur að kennsluháttum og ábyrgð nemenda á eigin námi. Gildi skólans, hugmyndafræðin um hegðun og aga (örsök 	<ul style="list-style-type: none"> • Samskipti kennara og nemenda • Dettur ekkert í hug en veit þið haldið áfram að þróast • Mætti vera fjölbreyttari aðferðir við kennslu og námsmat. Mikið um krossapróf, ritgerðir og vinnubækur en lítið sem reynir á sköpun og hugsu út fyrir kassann • Nálgun vegna lesblindu og hlusta á nemendur þegar kennari er ekki að ná til barns, við erum misjöfn og eigum miserfitt með að skilja kennarann sem er ekki áfellisdómur, við erum bara misjöfn og þú getur lært hjá 10 mismunandi einstaklingum og þú klukkar við þennan eina stunda meira kennslu á töflu þá þarf nemandi ekki að bíða eins lengi eftir aðstoð • Frábært ef það væri hægt að bjóða upp á einhverja list og verkgrein • Fræðsla um mat og næringu og hvað hún skiptir máli? • Það mætti auðvelda nemenda að fá aðstoð hjá fagaðila þegar þau þurfa á henni að halda, ef þetta er rangt sem ég upplifði að oft sé erfitt fyrir nemenda að fá aðstoð þegar á þarf að halda þá mætti kynna fyrirkomulagið betur fyrir foreldrum • Samskipti nemenda hafa ekki alltaf verið góð. Meira um vímuefni en ég hefði trúað og niðrandi netsamskipti. Erfitt líklega fyrir skólann að hafa stjórn á því ☹️ • Færa sig í google umhverfið • Of mikið sjálfsnám, ekki nógu krefjandi eða áhugavert fyrir bráðgera nemendur. Barnið mitt skortir áskoranir, gerir allt sem til þess er ætlast en það virðist ekki vera sami farvegur/stuðningur að efla það eins og nemendur með námsörðuleika • Sem foreldri var ég mjög spennt fyrir nýrri hugmyndafræði um nýtt kennsluskipulag. Það hefði mátt hafa foreldrakynningu um það og útskýra það fyrir okkur. Þá gæti ég átt öðruvísi samtal við barnið mitt um það sem þið eruð að innleiða. Erfitt fyrir mig að tala máli þess og útskýra tilgang fyrir barninu þegar ég veit lítið sem ekkert um það. Ég velti líka fyrir mér með hvaða hætti þetta hefur verið kynnt fyrir nemendum og hvort kannað sé og rætt við þá nemendur

og afleiðing), samtalið og póstarnir við/frá Bjössa 😊 Þjónustan: mötuneyti, þvottur og heimavist og allt í kringum pappíra vegna leigunnar á herbergi. Mjög skjót svör í kringum allt á heimavistinni. Félagslífið heilbriggt og jákvætt

- Góður starfsandi, bæði hjá nemendum og starfsfólki. Gott utnumhald við nemendur
- Lítið samfélag og minni hætta á að nemendur týnist í fjöldanum. Auðvelt að grípa inn í og aðstoða. Andinn virðist mjög góður, fallett umhverfi og góð aðstaða til afþreyingar og félagslífs
- Hversu persónulegt allt er og líðan hefur batnað til muna hjá barninu mínu sem upplifir sig öruggt í skólanum og umhyggja kennara ómetanleg
- Gott utan umhald og gott tillit tekið til námsörðuleika v/lesblindu. Heimilislegur og góður skóli.
- Að nemenda er mætt þar sem hann er
- Ég er ánægð með samskipti milli nemenda og kennara og umgengina við nemendur
- Auðvelt aðgengi nemenda og foreldra að kennurum/starfsfólki. Þetta nýja kennslufyrirkomulag. Gott utnumhald á heimavist
- Gott starfsfólk. Góðir kennarar
- Eins og er allt
- Hvað starfsfólkinu er annt um barnið mitt
- Stærð skólans, nemendafjöldi
- Hreinskilni, agi og stefnufesta
- Afslappað en um leið krefjandi umhverfi og námsaðstaða/vinnuaðstaða. Jákvæðni. Uppbyggileg stemmning
- Mér finnst utnumhald með barninu mína vera til fyrirmyndar. Ég er virkilega ánægð með starfsfólk skólans og gott samstarf með umsjónarkennara og námsráðgjafa. Mér finnst frábært hvað kennarar eru duglegir að benda á hvað nemandinn gerir vel og aðstoðina við að finna betri leiðir.
- Smæð hans og utan umhald nemenda
- Það að barninu okkar finnst gott að vera þar

sem eru að erfiða í þessu fyrirkomulagi. Og þá kanna hvað er að valda því og aðstoða/leiðbeina þeim í ferlinu. Sem foreldri hafði ég samband við starfsmann skólans vegna þessa og fékk aldrei svar, en það er ekki í fyrsta skiptið. Það hefur komið upp nokkrum sinnum, því miður, að við fáum ekki svör, fáum seint svör frá kennurum og skrifstofunni. Mættuð bæta það.

- Meiri „gæsla“ á vistinni með nemendur undir 18 ára , t.d. að þau sofi í sínum herbergjum, séu ekki á ferð um nætur og þess háttar, þó kannski erfitt að fylgjast með því.
- Veit ekki um neitt
- Eldra barnið mitt sem nú er útskrifað talaði oft um að það mætti vera meiri matur á kvöldin ekki alltaf eitthvað létt en nú hef ég ekki mikla reynslu af þessu í vetur þar sem minn er þarna bara af og til. Síðasta vetur urðum við líka fyrir því að þvottur eldra barns var ekki alltaf að skila sér og tapaði hún þónokkrum flíkum en hef ekki reynslu af því þennan vetur hvort það hafi lagast.
- Hafa meira grænmeti í matnum og fylgjast með að nemendur séu ekki í pool eða með annan hávaða eftir eitt á nóttu á virkum dögum
- Mætti herða reglur varðandi tímasetningar á vistinni hvað varðar að læsa henni á kvöldin svo krakkarnir minnki endalausar milliferðir og ráp út um allt
- Það ætti að vera betri matur í boði fyrir þá sem borða ekki kjöt
- Ef til vill að taka nemendur sem eru eftir í námi oftár sér
- Passa að það sé nóg fyrir alla í kvöldmatnum og auka aðeins við kvöldkaffið, þar sem kvöldmatur er frekar snemma
- Hafa heitan mat á kvöldin
- Ekkert eins og er
- Ekkert
- Kemur ekkert i huga
- Meira frá kennurum á samfélagsmiðlum. Gaman að fá innsýn í skólann frá nemendum og kennurum
- Þjóða upp á minni hópa fyrir þá sem kjósa þannig umhverfi

Niðurstöður úr foreldrakönnun má sjá á eftirfarandi hlekk:

https://forms.office.com/Pages/AnalysisPage.aspx?AnalyzerToken=TiATVTnisGqx13SZ81eLtm8AZrN_xhtr&id=BU0VhQ_0-0-

[5P1G61igg8ezarW_laUFAjWrJXF_pljdURUg0Wk4yNVBGWjQ2WUY5VFhROEIMQVpCVyQIQCN0PWcu](https://forms.office.com/Pages/AnalysisPage.aspx?AnalyzerToken=TiATVTnisGqx13SZ81eLtm8AZrN_xhtr&id=BU0VhQ_0-0-5P1G61igg8ezarW_laUFAjWrJXF_pljdURUg0Wk4yNVBGWjQ2WUY5VFhROEIMQVpCVyQIQCN0PWcu)

Viðauki 3 – Heimavistarkönnun og stoðþjónusta (spurningar)

1. Mér líður vel á heimavistinni
2. Ég sýni öðrum íbúum á heimavistinni tillitssemi
3. Aðrir íbúar á heimavistinni sýna mér tillitssemi
4. Samskipti við heimavistastjóra eru góð
5. Samskipti við húsbændur eru góð
6. Mér finnst umgengi á heimavistinni vera góð
7. Ég er ánægð-/ur með matinn í mötuneytinu
8. Mér finnst maturinn vera fjölbreyttur
9. Mér finnst maturinn vera hollur
10. Ég mæti í morgunmat
11. Ég er ánægð-/ur með þjónustu þvottahúss
12. Ég set öll mín föt í þvott í þvottahús skólans
13. Eitthvað annað sem þið viljið koma á framfæri v/heimavistar, mötuneytis eða þvottahúss?
14. Ég nýti mér þjónustu námsráðgjafa sem er í boði í skólanum
15. Ég er ánægð-/ur með þá þjónustu sem ég fæ frá námsráðgjafa
16. Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri varðandi þjónustu námsráðgjafa?
17. Ég nýti mér þjónustu hjúkrunarfræðings sem er í boði í skólanum
18. Ég er ánægð-/ur með þá þjónustu sem ég fæ frá hjúkrunarfræðing
19. Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri varðandi þjónustu hjúkrunarfræðings?
20. Ég nýti mér þjónustu sálfræðings sem er í boði í skólanum
21. Ég er ánægð-/ur með þá þjónustu sem ég fæ frá sálfræðingi
22. Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri varðandi þjónustu sálfræðings?

Viðauki 4 - Gátlisti fyrir mat á skólanámskrá (2022-2023)

Sjálfsmatsteymi fer yfir þennan gátlista einu sinni á ári. Því skal vera lokið fyrir lok haustannar. (Unnið upp úr leiðbeiningum um innra mat framhaldsskóla).

Farið er yfir hvort eftirfarandi atriði skólanámskrár eru aðgengileg á heimasíðu skólans og hvort þurfi að uppfæra þær eða breyta.

Gátlisti: Innihald skólanámskrár	Já	Nei	Athugasemdir
Sérstaða skólans	x		
Stefna skólans og framtíðarsýn	x		
Árleg starfsáætlun skóla	x		
Skólanefnd	x		
Skólaráð	x		
Starfsmannastefna		x	
Jafnréttisstefna	x		
Umhverfisstefna	x		
Stefna í forvörnum og heilsusamlegum lífsháttum	x		Heilsueflandi framhaldsskóli
Áætlun um einelti	x		
Áfallaáætlun	x		Viðbragðsáætlun við áföllum
Námsbrautalýsingar	x		
Áfangalýsingar	x		
Umgjörð og skipulag kennslu, t.d. hvað varðar staðnám, námsver og fjarnám	x		
Námsaðstaða og aðbúnaður við nemendur	x		
Þjónusta við nemendur: leiðsögn, námsráðgjöf og sértæk námsúrræði	x		
Áherslur og leiðir til að stuðla að góðum skólabrag	x		
Félagslíf nemenda		x	Sér síða spurning um að setja link á nemendafélagið
Almennar skólareglur	x		
Heimavistarreglur	x		
Skólasóknarreglur	x		
Viðurlög við brotum á skólareglum	x		
Verklagsreglur um meðferð og úrlausn mála	x		
Samskipti við foreldra/forráðamenn nemenda undir lögaldri		x	Aðallega það sem tengist skráningu veikinda ólöggráða nemenda
Annað samstarf, s.s. við grunnskóla, við aðra skóla, fyrirtæki og nær samfélag	x		

Lýsing á kerfisbundnu innra mati, langtímaáætlun í innra mati	x		Langtímaáætlun ekki birt
Matsáætlun fyrir skólaárið		x	